Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009
Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð
Landbúnaðarnefnd
13. fundur

Fundur haldinn í Landbúnaðarnefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps, mánudaginn 7. desember 2009 kl: 10:00.

Mættir: Birgir V. Hauksson, Halldór Árnason, Hjörleifur Sigurðsson, Sólveig E. Hinriksdóttir auk Fjallskilastjóra Egils Freysteinssonar. Sigurður Böðvarsson boðaði forföll. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. **Fundarsetning**
   Formaður setti fund
2. **Uppgjör fjallskila**
   Í upphafi minntist Sólveig á að ástæða fyrir háu girðingagjaldi 2009 væri að ekki hefði borist reikningur frá Þingeyjarsveit frá 2008 vegna vinnu við endurnýjun girðingar milli Bárðardals og Skútustaðahrepps, fyrr en eftir að búið var að ganga frá frá fjallskilareikningum 2008.
   Aksturskostnaður á hrossum er stærsti þátturinn í háum aksturskostnaði í göngum. Rætt hvort eigi að borga fyrir að keyra hrossin, það eru ekki allir sem senda reikninga fyrir slíkum akstri, og yfirleitt ekki sendir reikningar fyrir flutningi á hjólum.
   Framkomnir reikningar 333.661 til niðurjöfnunar. Fjöldi fjár á fjalli 1.942, fjallskilasjóðsgjald á kind 172 krónur, girðingagjald á kind 150 kr.
   Fram kom að gangnadagsverk er metið of lágt og að einhverjir greiði sínum gangnamönnum eftir því.
   Ekki bárust gangnaskýrslur frá gangnaforingjum í Veggjum og Gæsafjöllum.
   Reikningar samþykktir.
3. **Bréf Ólafar Hallgrímsdóttur v/tilhögunar gangna haustið 2009**
   Vegna bréfs Ólafar var ýmislegt rætt.
   Tilhögun gangna þarf að vera í fastara formi, setja þarf niður dagsetningar þegar jafnað er niður hvenær eigi að fara í allar göngur fyrstu, aðrar og þriðju og að það komi fram á gangnaseðli. Rætt um hvort eigi ekki að færa aðrar göngur fram um eina viku þannig að það líði tvær vikur á milli fyrstu og annarra gangna. Hugsanlega þarf að breyta tilhögun gangna í Neðri-

Miðfjöllum, til dæmis að láta gangnamenn Norðurfjalla smala svæðið sem hefur verið smalað í fyrstu göngum með einu dagsverki í Neðri Miðfjöllum eins og áður var. Fram kom gagnrýni á að ekki skildi vera gerðar athugasemdir við gangnaskil eins gangnamanns sem fór heim fyrir miðjan dag í Neðri-Miðfjöllum.
Þar sem þannig háttar til þurfa að liggja fyrir skýr skilaboð um hver fer með stjórn smölunar þar sem gangnaforingja nýtur ekki við.
Rætt um notkun mótorhjóla. Fram kom að þau eiga rétt á sér í einhverjum tilfellum en brýna þarf fyrir hjólamönnum hvernig þeir hagi sér á hjólunum svo ekki verði eftir djúp sár í náttúrunni, og að þeir hafi aðgát í návist fólks og fénaðar.
Það er alveg ljóst að ekki var boðað til þriðju gangna, einhverjir hafa klárlega skilað sínum dagsverkum en aðrir ekki og það er vegna þess að þeir hafa ekki verið boðaðir.
Landbúnaðarnefnd mælist til þess að ekki verði greitt fyrir aukaferðir nema fjallskilastjóri óski eftir slíku.
Landbúnaðarnefnd harmar það sem miður fór í göngum þetta haustið og vonast til þess að slíkt muni ekki endurtaka sig.

4. **Önnur mál.**

Landbúnaðarnefnd mælist til þess að ekki verði farið í þriðju göngur í Veggi, gangnaforingi hefur talað um að betra væri að nota eftirleitardagsverk í stað þriðju gangna.
Halldór Árnason gangnaforingi í Neðri-Miðfjöllum segir af sér sem gangnaforingi.
Sólveig sagði frá gangnaseðli sem hún sá fyrir Grýtubakkahrepp, þar jafna menn niður öllum kostnaði og á gangnaseðli kemur fram hverjir eiga að vera á bílum og þeir eru með í kostnaðinum. Við ættum e.t.v. að huga að því gera eins og þeir.
Skilaboð komu frá Sigurði Böðvarssyni um það hvort þeir sem reka á Austurafrétt ættu ekki að stofna með sér upprekstrarfélag.
Sólveig fór yfir að hún var skipuð í nefnd sem á að yfirfara Fjallskilasamþykktir í Suður Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar og athuga hvort ekki megi sameina hana í eina. Til stendur að funda með fjallskilastjórum og landbúnaðarnefndum í byrjun nýs árs til að fara yfir fjalskilasamþykktina. Landbúnaðarnefnd mun lesa yfir samþykktina og hittast á fundi í janúar til að ræða hvort og hverju megi breyta.
Rætt um að Fjallskilastjóri kalli eftir því hjá bændum eftir aðrar göngur hvað vanti mikið af fjalli.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Birgir V. Hauksson
Halldór Árnason
Hjörleifur Sigurðarson
Sólveig E. Hinriksdóttir